

Karl Gauti Hjaltason

Til : nordvesturkjördaemi@dmt.is
Frá : Karl Gauti Hjaltason
CC : kristin@lex.is; Laufey Helga Guðmundsdóttir;
Heiti : 21.AFrit af kröfu Karls Gauta Hjaltasonar til NV 27.9.2021
Málsnúmer. : 2110006
Málsaðili : Alþingi
Efnisflokkur : Upplýsingar
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 6.10.2021
Skráningaraðili : Landskjörstjórn

Viðhengi

[Krafa til yfirkjörstjórnar .pdf.pdf](#)

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

B/t. formanns

Hér í viðhengi er krafa um að kjörstjórnin í NV kjördæmi taki ákvörðun um að láta kosninganiðurstöður vegna alþingiskosninganna 25 september sl., sem tilkynntar voru að morgni sunnudags standa.

Krafan styðst við röksemdir, sem m.a. eru taldar upp í kröfubréfinu, en hafa einnig komið fram í fréttum.

Virðingarfyllst.,

Karl Gauti Hjaltason

Til: Yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis.

Frá: Karli Gauta Hjaltasyni.

KRAFA UM ÁKVÖRÐUN

Kópavogur, 27. september 2021.

Efni: Krafa um að niðurstöður tilkynntra lokatalna samkvæmt 104. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 standi, vegna talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi í Alþingiskosningum 25. september 2021.

Ég undirritaður Karl Gauti Hjaltason, kt. 310559-5559 geri þá kröfu við yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis að ákvörðun verði tekin þess efnis að þær tölur sem formaður yfirkjörstjórnar kjördæmisins tilkynnti sem lokatölur árla morguns hinn 26. september sl. verði látnar standa sem endanlegar lokatölur úr kjördæminu.

Fyrir liggur að endurtalning eða einhverskonar endurskoðun hafi farið fram mörgum klukkustunum síðar eftir að lokatök voru tilkynntar og eftir að kjörstjórn yfirgaf talningastað. Vandséð er með hvaða lagaheimild sú endurskoðun- eða talning fór fram og þar með lögmæti þeirra endurskoðunar. Þá skal upplýst að framkvæmd hennar hefur verið kærð til lögreglu vegna mögulegra lögbrota við framkvæmd endurtalningar yfirkjörstjórnar á greiddum atkvæðum í Norðvesturkjördæmi.

Það er ekki að ástæðulausu sem kosningalögin kveða skýrt á um að ágreiningsseðlar skuli úrskurðaðir jafnóðum sbr. 1. mgr. 103. gr. Augljóst er, miðað við hversu litlu munaði á mönnum í kjördæminu hafi þetta ákvæði verið þverbrotið við endurtalninguna. Nægir þar að benda á að ógildum seðlum fjölgaði um 11 og auðum seðlum fækkaði um 12. Vart þarf að taka fram hve erfitt er að úrskurða um slíkt þegar úrskurðaraðili hefur vitneskju um hve mjótt er á mununum. Enn frekar á þessi ábending við þegar haft er í huga fjarvera allra umboðsmanna við endurtalninguna.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að samanburður talningar sem birtust sem lokatölur og endurtalningar vekur upp fjölmargar spurningar, ekki síst í ljósi þess að formaður yfirkjörstjórnar hefur staðfest í fjölmiðlum að ekki var gengið frá greiddum atkvæðum í samræmi við 104. gr. kosningalaga. Lögin gera einfaldlega ekki ráð fyrir að sú staða geti komið upp eða hreinlega komi til greina.

Þá er þess farið á leit að formaður yfirkjörstjórnar víki sæti þegar beiðni þessi verður tekin fyrir og varamaður komi í hans stað. Þá bendir undirritaður einnig á að aðrir kjörstjórnarmenn íhugi hæfi sitt til að taka ákvörðun hvað þetta varðar í ljósi fyrri afskipta af málinu.

Með virðingu,

Karl Gauti Hjaltason

Afrit: Landskjörstjórn.